

Sp.

616. Svar

[233. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Þórðar Skúlasonar um skiptingu útflutningsverðmætis eftir kjördæmum.

Inngangur.

Upplýsingar um útflutningsverslunina er að finna í tveim ritum Hagstofu Íslands, Hagtíðindum og Verslunarskýrslum. Upplýsingar í þessum ritum eru byggðar á skýrslum þeirrar tollstöðvar sem afgreiðir útflutningsskjölin. Flestir stærstu útflytjendurnir eru í Reykjavík og fá þeir útflutningsskjöl afgreidd hjá Tollstjóráskrifstofunni í Reykjavík. Ef dæmi er tekið af útflutningi á fiskimjöli, sem lestað er í mörgum höfnum víðs vegar um landið og útflytjandinn er í Reykjavík, þá tollafgreiðir útflytjandinn vöruna hjá tollstjórán- um í Reykjavík. Samkvæmt framansögðu eru ekki til upplýsingar um útflutning eftir kjördæmum eða landshlutum. Hins vegar er hægt að nefna nokkur atriði sem gefa vísbendingu um útflutning eftir landssvæðum.

Nokkrar vísbendingar um skiptingu útflutnings eftir landssvæðum.

Allur útflutningur á áli er tollafgreiddur hjá fógeta í Hafnarfirði (Reykjaneskjördæmi). Ál var um 15% af heildarútflutningsverðmæti árið 1983, um 17% árið 1984 og um 10% árið 1985. Járnbendi er tollafgreitt á Akranesi (Vesturlandskjördæmi). Járnbendi var 3,3% af heildarútflutningsverðmæti árið 1983, 4,3% árið 1984 og 3,6% árið 1985. Kísilgúr er tollafgreiddur hjá fógeta á Húsavík (Norðurlandskjördæmi eystra). Kísilgúr var 0,7% af heildarútflutningi 1983, 0,8% árið 1984 og 0,8% árið 1985.

Um aðrar útflutningsvörur má geta þess að öll stærstu útflutningsfyrirtæki sjávarafurða eru í Reykjavík og eru því sjávarafurðir nær eingöngu tollafgreiddar í Reykjavík. Iðnaðarvörur eru að mestu tollafgreiddar í Reykjavík, en einnig á Akureyri.

Til að gefa vísbendingu um uppruna útflutningsverðmætis sjávarafurða sýnir eftirfarandi tafla hlutfallslega skiptingu aflaverðmætis eftir kjördæmum. Byggt er á upplýsingum úr „Útvegi“, riti Fiskifélags Íslands.

	1982	1983	1984
Suðurland	12,1	11,9	11,6
Reykjavík og Reykjanes	25,2	22,0	20,3
Vesturland	10,1	10,1	9,6
Vestfirðir	12,3	12,9	12,9
Norðurland vestra	4,8	6,1	7,5
Norðurland eystra	12,5	13,0	12,6
Austfirðir	12,1	13,7	14,9
Erlendis	11,0	10,4	10,6

Skipting á íbúa eftir kjördæmum.

Eins og fram kemur í inngangi að svörum við fyrirspurninni eru ekki tiltækar upplýsingar um útflutningsverðmæti eftir kjördæmum og því er ekki hægt að svara því hvernig útflutningsverðmæti skiptist á íbúa eftir kjördæmum.